

# Safnaðarblað Gleráarkirkju

3. tbl. 21. árg.

Desember 2006


*„Þeir gengu inn í húsið og sáu barnið og Maríu, móður þess, féllu fram og veittu því lotningu“. (Matt. 2:11.)*



*Mynd: Rúnar Þór / Myndrún*



## Heilög jól



Hvað er þér heilagt? Hvað er þér svo dýrmætt að það verður ekki keypt fyrir peninga? Þegar börnin eru spurð þeirrar spurningar hvað sé mómmu og pabba dýrmætast í lífinu eru þau flest fljót að svara og segja gjarnan, „það erum við“ og eru ekki í neinum vafa um það svar. Það er gleðilegt að sjá það að svo mörg börn eigi þessa vitund skýra og ótvíræða.

Frá sjónarmiði kirkjunnar og kristinnar trúar er það ótvíræður boðskapur Guðs til okkar manna að hvert mansbarn sé honum óendanlega mikils virði. Jólin boða þetta, þau flytja okkur þann boðskap að höfundur lífs og heims sjálfur skapari himins og jarðar vitjar okkar í mansbarni. Skap-

arinn á við okkur sérstakt erindi í barninu sem forðum fæddist í Betlehem. Í Jesú Kristi vill hann birta okkur sannleikann um lífið og okkur sjálf, þann sannleika að hver mannvera er óendanlega verðmæt.

Skaparinn vill ná til okkar allra með boðskapinn um hver hin mestu verðmæti eru svo við getum lært að heiðra þau og virða. Í Jesú Kristi vill Guð umfram allt gefa okkur að nærast af þeim kærleika sem hann sjálfur er, að við megum þar læra að skynja uppsprettu lífsins og alls hins góða og eignast þá trú sem heldur okkur fast við þessa sömu uppsprettu allt til hinstu stundar.

Í þessu er erindi og inntak jólanna fólgið. Ef okkur auðnast að halda jólin

með þennan boðskap í huga þá verða þau okkur sannarlega helg og hjálpa okkur að gera lífið heilagt. Í þekktum adventusálmi segir:

*Gjör dyrnar breiðar, blíðið hátt,  
þig, hjarta, þrýð sem best þú mátt,  
og trúarlampann tendra þinn,  
og til þín bjóð þú Jesú inn. (Sb. 59)*

Megi þessi orð verða bæn okkar allra. Guð gefi að þessi sýn jólaljóssins nái að snerta hjarta þitt og helga jól fjölskyldu þinnar.

*Sr. Arnaldur Bárðarson  
Sr. Gunnlaugur Garðarsson*



## Vilt þú syngja í kór?

- það er ókeypis að vera með -

8. janúar 2007

getur þú byrjað í kór!

Æfingar eru á mánudögum  
í Glerárkirkju.

Barnakór (1. - 4. bekkur) kl. 14 - 14:45

Æskulýðskór (5. bekkur og eldri) kl. 15 - 16.

Æfingabúðir kórsins verða laugardaginn 13. janúar og  
sunnudaginn 14. janúar á Vestmannsvatni og því  
mikilvægt að mæta á fyrstu æfingu 8. janúar!

Nánari upplýsingar gefur Ásta Magnúsdóttir  
kórstjóri í síma 894 4314

## Barnakórastarf Glerárkirkju

Um næstkomandi áramót verður nokkur breyting á starfsemi barnakóra í Glerárkirkju þar sem Ásta Magnúsdóttir sem stjórnad hefur kórnum um árabíl kemur aftur til starfa að loknu barnseignaleyfi. Eins og lesa má í auglýsingu hér fyrir ofan mun Ásta bjóða annars vegar upp á kór fyrir 1. til 4. bekk og hins vegar fyrir krakka úr 5. bekk og eldri. Æfingar hefjast 8. janúar.

Fram að áramótum mun Unnur Birna Björnsdóttir stjórna barnakórnum eins og hún hefur gert í haust. Barnakórinn mun meðal annars koma fram á aðventukvöldi en einnig syngja við fjölskyldugudspjónustu á annan jóladag.

Foreldrar eru hvattir til að styðja við börnin sín í kórastarfinu svo flestir geti tekið þátt í dagskrá á aðventu og um jól.

Það var dýrmætt fyrir Glerárkirkju að Unnur Birna hafði tók á því að sinna barnakórnum á meðan Ásta var í barnseignaleyfi og eru henni færðar kærar þakkir fyrir.

## Barna- og unglíngastarfið

Stór hluti barna- og unglíngastarfs Glerárkirkju er nú kominn í jólafrí en barnasamverurnar á sunnudögum eru enn á sínum stað samhliða messu safnaðarins á sunnudögum. Foreldrar eru hvattir til að fjölmenna með börnin sín í næstu samverur sunnudagana 3., 10. og 17. desember. Sameiginlegt upphaf er í messu safnaðarins en svo fara börnin yfir í safnaðarsalinn þar sem boðið er

upp á vandaða dagskrá, söng, sögur og brúðuleikrit.

Barna- og unglíngastarfið hefst svo aftur að loknu jólafríi sunnudaginn 14. janúar og eru foreldrar, unglíngar og börn hvött til að fylgjast með auglýsingum um starfið í Dagskránni í vikunni þar á undan.

Nánari upplýsingar gefur Pétur Björgvin djákni í síma 864 8451.

## Alfa námskeið

Miðvikudaginn 7. febrúar hefjast ný Alfa-námskeið í Glerárkirkju með kynningarkvöldi klukkan 19:30. Alfa námskeiðin eru tíu kvöld námskeið, alltaf á miðvikudagskvöldum klukkan 19:30 í Glerárkirkju þar sem þátttakendur byrja á því að snæða léttan kvöldverð saman áður en fræðslan hefst.

Á námskeiðinu sem hefst 7. febrúar verður annars vegar boðið upp á námskeiðið *Alfa 1 - Spurningar lífsins* sem Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur mun hafa veg og vanda að og hins vegar námskeiðið *Alfa 2 - Filippíbréfið* og mun Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni í Glerárkirkju halda utan um það námskeið. Auk þess koma Gunnlaugur Garðarsson, Arnaldur Bárðarson og Ingibjörg Baldursdóttir að Alfa námskeiðum Glerárkirkju.

Alfa námskeiðin í Glerárkirkju eru öllum opin og þátttökugjaldi stillt í hóf.

## Foreldra- morgnar

Mjög góð aðsókn hefur verið í haust á foreldra- eða mömmumorgnum í Glerárkirkju en þeir eru alltaf á fimmtudögum klukkan tíu til tólf. Nú í desember er dagskráin vönduð. Boðið er upp á föndur 7. desember þar sem efnisgjaldi verður stillt í hóf og 14. desember er svo jólaballið. Mömmur og pabbar eru hvött til að fjölmenna.

Opið hús fyrir foreldra og börn hefst svo aftur eftir jól fimmtudaginn 18. janúar. Nánari upplýsingar gefur Íris í síma 659-1359.



# Fermingar- börn á fullri ferð

Fermingarfræðslan í haust hefur verið fjölbreytt og ánægjulegt hve mörg barnanna hafa verið til fyrirmyndar. Auk reglubundinna fræðslutíma og þátttöku í helgihaldi í kirkjunni fóru fermingarbörn í árvissa haustferð að Hólum og á Löngumýri í Skagafirði. Í framhaldi af ferðinni tóku mörg fermingarbörn þátt í söfnun fyrir Hjálparstarf kirkjunnar.

Fermingarfræðslunni er nú lokið á haustönn og hefst hún aftur frá og með mánudeginum 22. janúar á nýju ári. Þá verður fermingarbörnunum boðið á mynda- og skemmtikvöld miðvikudaginn 31. janúar klukkan 18:00. Þar verða sýndar myndir úr ljósmyndamarafoni sem þau tóku þátt í á Löngumýri og fyrirhuguð gistiferð á Vestmannsvatn




Fermingarbörn úr Glerárskóla stilltu sér upp til myndatöku.

kynnt. Fermingarbörn sem hafa tök á því að aðstoða við sölu á friðarljósum

Hjálparstarfs kirkjunnar eru beðin að skrá sig í kirkjunni á næstu dögum.

## Frá Kór Glerárkirkju

Út er kominn geisladiskurinn *Sjáumst aftur* en á honum syngur Kór Glerárkirkju lög úr ýmsum áttum. Diskurinn var tekinn upp í Laugaborg í Eyjafjarðarsveit í júní 2004 í tilefni af 60 ára afmæli kórsins þann 12. febrúar það ár. Með kórnum syngja Óskar Pétursson og Haukur Steinbergsson einsöng og tví-söng auk þess sem Daníel Þorsteinsson leikur með á píanó. Einnig fékk kórinn til liðs við sig hljóðfæraleikara sem leika með í suður-amerísku messunni Misa



Geisladiskurinn „Sjáumst aftur“.

Criolla eftir Ariel Ramirez. Stjórnandi kórsins er Hjörtur Steinbergsson.

Diskurinn er til sölu í Glerárkirkju og hjá kórfélögum og kostar 2.000 kr.

Sjá nánar á [www.glerarkirkja.is](http://www.glerarkirkja.is)

### Hinir árlegu Jólatónleikar Kórs Glerárkirkju verða haldnir í kirkjunni þann 17. desember kl. 17:00.

Þar verður boðið upp á fjölbreytta efnisskrá tengda aðventu og jólum. Með kórnum koma fram Hildur Tryggvadóttir sópran, Daníel Þorsteinsson sem leikur á píanó og orgel, Pétur Ingólfsson sem leikur á kontrabassa og Halldór G. Hauksson (Halli Gulli) sem slær taktinn á trommurnar. Stjórnandi er Hjörtur Steinbergsson.

Kirkjugestum gefst einnig tækifæri til að dusta rykið af raddböndunum og taka undir í almennum söng. Aðgangur er ókeypis og eru allir hjartanlega velkomnir.

Gleðileg jó!  
Kór Glerárkirkju,

## Kvenfélagið Baldursbrá


Starfsemin þetta árið hefur verið með hefðbundnum hætti, þ.e. ýmiskonar fjáröflun og afraksturinn síðan gefinn til ýmissa góðra mála. Við höfum styrkt mæðrastyrksnefnd, gefið í orgelsjód og fleira. Fundir eftir áramót verða annan fimmtudag hvers mánaðar (nema í janúar) og hvetjum við konur á öllum aldri sem áhuga hafa að koma á fundi og kynna sér starfsemina. Minningarkort kvenfélagsins fást í Glerárkirkju og í versluninni Fold - Önnu.

Jólaball barnanna verður í safnaðarsal Glerárkirkju þann 27. desember kl. 16:00 og eru allir velkomnir. Þá vil ég minna félagskonur á jólafundinn sunnudaginn 10. desember kl. 18:30. Kvenfélagið þakkar öllum þeim sem stutt hafa starf félagsins á undanförunum árum. Guð blessi ykkur öll og gefi ykkur gleðileg jól og farsælt nýtt ár.

Hildur Marínósdóttir,  
formaður.

**Minum á jólakortasýninguna** í andyri Glerárkirkju, opin alla virka daga frá 11:00 til 16:00 og í kringum athafnir í kirkjunni.

# Helgihald í Glerárkirkju á aðventu og jólum



## Sunnudagur 3. desember

### ★ Barnasamvera og messa kl. 11.00.

Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti: Hjörtur Steinbergsson. Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar.

### ★ Aðventukvöld kl 20:30. Ræðumaður er Hannes Garðarsson ritstjóri. Mikill söngur og ljóshátíð..

## Miðvikudagur 6. desember

### ★ Hádegissamvera kl. 12.00.

## Sunnudagur 10. desember

### ★ Barnasamvera og messa kl. 11.00.

Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti: Hjörtur Steinbergsson. Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar.

### ★ Kvöldguðsþjónusta með léttri tónlist kl 20.30.

Krossbandið, Snorri, Ragga og Kristján leiða söng. Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar.

## Miðvikudagur 13. desember kl. 12.00.

### ★ Hádegissamvera kl 12.00.

## Fimmtudagur 14. desember

### ★ Aðventusamvera eldri borgara kl. 15:00.

## Sunnudagur 17. desember

### ★ Barnasamvera og messa kl.11:00.

Félagar úr Kvennakór Akureyrar leiða söng. Organisti: Hjörtur Steinbergsson. Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Jólátónleikar Kórs Glerárkirkju kl. 17.00.

## Miðvikudagur 20. desember

### ★ Hádegissamvera með jólabragði kl 12.00.

## 24. desember - Aðfangadagur jóla

### ★ Aftansöngur kl. 18:00.

Einsöngur: Michael Jón Clarke. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti: Hjörtur Steinbergsson. Lúðrasveit Akureyrar leikur í forkirkju frá kl. 17:30. Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar.

### ★ Miðnæturmessa kl. 23.30. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti: Hjörtur Steinbergsson. Sr. Arnaldur Bárðarson og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni þjóna.

## 25. desember - jóladagur

### ★ Guðsþjónusta kl. 14:00. Einsöngur: Hildur Tryggvadóttir. Kór Glerárkirkju syngur. Organisti: Hjörtur Steinbergsson. Sr. Guðmundur Guðmundsson þjónar.

## 26. desember annar dagur jóla

### ★ Fjölskylduguðsþjónusta kl 13.00 (Ath. tímasetningu). Helgileikur. Barnakór Glerárkirkju syngur. Stjórnandi Unnur Birna Björnsdóttir. Sr. Gunnlaugur Garðarson, sr. Arnaldur Bárðarson og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni þjóna.

## Miðvikudagur 27. desember <None>

### ★ Hádegissamvera kl. 12.00.

## 31. desember - gamlársdagur

### ★ Aftansöngur kl 18.00.

Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti: Hjörtur Steinbergsson. Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar.

## 1. janúar 2007 - nýársdagur

### ★ Hátíðarmessa kl. 14.00.

Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti: Hjörtur Steinbergsson. Sr. Gunnlaugur Garðarsson og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni þjóna.

## Sunnudagur 7. janúar - jólin kvödd

### ★ Messa kl. 11.00.

Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti: Hjörtur Steinbergsson. Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar.

### ★ Kvöldguðsþjónusta með léttri tónlist kl. 20.30.

Krossbandið, Snorri, Ragga og Kristján leiða söng. Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar.

## Glerárkirkja

### Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11-12 og eftir samkomulagi

Símar: Í kirkju 464 8808, heima 462 7676 og GSM 864 8455. Netfang: [gunnlaugur@glararkirkja.is](mailto:gunnlaugur@glararkirkja.is)

### Sr. Arnaldur Bárðarson

Viðtalstímar í kirkjunni mánudaga til fimmtudaga kl. 11-12 og eftir samkomulagi

Sími í kirkju: 464 8802, heima 462 6605 og GSM 864 8456 Netfang: [arnaldur@glararkirkja.is](mailto:arnaldur@glararkirkja.is)

### Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til fimmtudaga kl. 10-12 og eftir samkomulagi

Sími í kirkju: 464 8807, heima 561 4405 og GSM 864 8451 Netfang: [petur@glararkirkja.is](mailto:petur@glararkirkja.is)

## Starfsmenn við Glerárkirkju:

### Umsjónarmaður er Sverrir Pálmason

Hann er við daglega kl. 11-16. Sími 464 8800 Heimasími hans er 462 2491 og GSM 864 8453

### Organisti er Hjörtur Steinbergsson

Sími 464 8804 og GSM 862 2316

### Ráðskona er Sigurrós Anna Gísladóttir

Heimasími 848 6440

Kirkjuverðir eru Sigríður Albertsdóttir sími 847 9025 og Jón Oddgeir Guðmundsson sími 894 4301

Upplýsingar um annað starfsfólk á vef kirkjunnar, [www.glararkirkja.is](http://www.glararkirkja.is)

Glerárkirkja, sími 464 8800

[www.glararkirkja.is](http://www.glararkirkja.is) • Fax: 464 8809

